

Hótel Reykjavík Centrum



Hótel Reykjavík Centrum er í hjarta borgarinnar, byggt á gömlum grunni, í bókstaflegri merkingu. Hóтелиð er staðsett í nýuppgerðri gamalli byggingu.

Aðalstræti 16 er elsti hluti hússins og var byggður árið 1764. Beggja megin við húsið og fyrir aftan það eru nýbyggingar sem gerðar eru eftir sögufrægum reykvískum húsum, Fjalakettinum og Uppsölum. Hóтелиð er í byggingunum þremur og tengibyggingu og er útlit hótelsins sótt til Reykjavíkur upp úr aldamótunum 1900. Við byggingu hótelsins komu í ljós rústir skála frá landnámsöld.

Í maí 2006 var opnuð glæsileg sýningaraðstaða undir hótelinu sem Reykjavíkurborg rekur. Þar er skálarústin varðveitt og hægt er að virða hana fyrir sér og skoða sýningu henni tengdri. Við uppgröftin fundust m.a. elstu mannvistarleifar á Íslandi frá því um 870.

Íslenskir aðalverktakar sáu um allar framkvæmdir við byggingarnar.

Verkkaupi

Hótel Reykjavík Centrum

Upphaf framkvæmda

2003

Burðarvirki og lagnir

Brunahönnun

VSI

Arkitektar

Teiknistofan Skólavörðustíg 28

Lok framkvæmda

2005

Raflagnahönnun

RTS

Eftirlit

Verkfræðistofa Þráins og Benedikts



Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is